

# Skólastjórafélag Íslands – Kjarasamningur 1. maí 2014 til 31. maí 2015

## INNGANGUR

Með þessu samkomulagi Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga er fyrsta skrefið tekið í aðlögun kjarasamnings Skólastjórafélags Íslands að breyttu starfsumhverfi stjórnenda grunnskóla.

Hlutverk og kröfur til skólastjórnenda hafa breyst verulega á síðasta áratug hvað varðar stjórnun, faglega forystu og rekstur. Ástæður breytinganna eru einkum breytt lagaumhverfi, ný aðalnámskrá grunnskóla og innleiðing hennar, skóli án aðgreiningar og aukin samvinna við hagsmunaaðila sem koma að skólafarfinu. Aukinna áhrifa bæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga gætir einnig í verulegum mæli og auknar kröfur eru gerðar til sýnilegrar og sannanlegrar skilvirkni á öllum sviðum skólafarfs. Þá gera sveitarfélög auknar kröfur til skólastjórnenda hvað varðar stjórnun og rekstur skóla, starfsmannahald, starfsþróun og skipulag vinnuumhverfis. Nýr vinnutímakafli og vinnumat grunnskólakennara og aukin samvinna hagsmunaaðila sem koma að skólafarfi mun einnig kalla á frekari breytingar í starfsumhverfi skólastjórnenda á næstu árum.

Aðilar eru sammála um að framangreindar aðstæður kalli á frekari samvinnu við endurmat á starfsumhverfi skólastjórnenda.

### 3. GREIN 1.4.6. VIÐBÓTARLAUNAFLOKKAR VEGNA PRÓFA.

#### Grein 1.4.6 hljóði svo:

Hafi skólastjórnandi lokið formlegu 60 ECTS eininga prófi (diplóma) á háskólastigi, sem nýtist í starfi, hækkar hann um einn launaflokk.

Hafi skólastjórnandi lokið meistaraprófi á háskólastigi, sem nýtist í starfi, hækkar hann um tvo launaflokka til viðbótar.

Viðbótarmenntun vegna diplóma og meistaraprófs er mest metin til þriggja launaflokka. Einingar eru aldrei tvítaldir.

Hafi skólastjórnandi lokið doktorsprófi, sem nýtist í starfi, hækkar hann um þrjú launaflokka til viðbótar.

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið.

### 4. GREIN 1.4.7 VIÐBÓTARLAUNAFLOKKAR VEGNA STJÓRNUNARREYNSLU

#### Frá 1. ágúst 2014 hljóði grein 1.4.7 svo:

Hafi skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri 5 ára stjórnunarreynslu í grunn-, leik- eða framhaldsskóla raðast hann einum launaflokki hærra en annars væri, eftir 10 ára stjórnunarreynslu sem stjórnandi í grunn-, leik- eða framhaldsskóla bætist annar launaflokkur við og eftir 15 ára stjórnunarreynslu sem stjórnandi í grunn-, leik- eða framhaldsskóla bætist þriðji launaflokkurinn við.

*Mat á stjórnunarreynslu úr leik- og/eða framhaldsskólum gildir frá og með 1. ágúst 2011.*

## 12. Bókanir

### Bókun 1

#### Um 0,1% iðgjald af heildarlaunum

Frá og með gildistöku samkomulags þessa verði iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum félagsmanna lagt á sérstakan reikning þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíðarráðstöfun þess.

## Aðgerðaáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands

Fylgiskjal með viðræðuáætlun 2014-2015

### INNGANGUR

Með kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands v. Skólastjórafélags Íslands, undirrituðum 10. júní 2014, sammælast aðilar um eftirfarandi aðgerðaáætlun til undirbúnings kjaraviðræðna árið 2015. Skipaður verður starfshópur með fulltrúum beggja aðila. Hópurinn starfar til 31. maí 2015.

Starfsumhverfi stjórnenda í grunnskólum hefur breyst verulega á síðasta áratug hvað varðar stjórnun, skipulag og faglega forystu. Ástæður breytinganna eru einkum breytt lagaumhverfi, ný aðalnámskrá grunnskóla og innleiðing hennar, skóli án aðgreiningar og aukin samvinna við hagsmunaaðila sem koma að skólastarfinu. Aukinna áhrifa bæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga gætir í verulegum mæli í starfi skólastjórnenda.

Auknar kröfur eru gerðar til sýnilegrar og sannanlegrar skilvirkni á öllum sviðum skólastarfs. Þá gera sveitarfélög auknar kröfur til skólastjórnenda um stjórnun og rekstur skóla, starfsmannahald, starfsþróun og skipulag vinnuumhverfis. Skólastjórnendur bera ábyrgð á öllum rekstri skóla bæði faglegum og fjárhagslegum.

Aðilar eru sammála um að framangreindar breytingar kalli á sameiginlega vinnu við endurmat á starfsumhverfi skólastjórnenda.

### 1. Markmið samningsaðila

#### *Að efla skólastjórnendur í stjórnunar og forystuhlutverki*

- Starfsþróun
- Fagleg forysta
- Samvinna við hagsmunaaðila

### Hlutverk skólastjórnenda grunnskóla

Skjal um hlutverk skólastjórnenda grunnskóla var unnið í samvinnu Skólastjórafélags Íslands (SÍ) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS). Þessi vinna var hluti af aðgerðaáætlun sem samninganefndir SÍ og SNS sammæltust um að vinna til undirbúnings kjaraviðræðna árið 2015. Hér á eftir koma nokkrir punktar úr því skjali sem snúa að starfsþróun starfsmanna grunnskóla

- Meginhlutverk skólastjórnenda grunnskóla er að tryggja menntun og velferð nemenda og stuðla að námslegum framförum þeirra og árangri í námi. Skólastjórnendum ber að sinna faglegri kennslufræðilegri forystu og leiðsögn til kennara og starfsmanna.
- Bera ábyrgð á og hafa umsjón með stefnumótun og skólaþróun í samræmi við lög og reglugerðir og hvetja til við þróunar- og nýbreytnistarfs.

- Bera ábyrgð á að starfsáætlun og skólanámskrá séu í samræmi við lög og reglugerðir og að þær séu endurskoðaðar reglulega. Fylgjast með innleiðingu og framkvæmd hvað varðar:
  - nám og námsárangur nemenda
  - kennslu, kennsluhætti og námsmat
  - sérúrræði eða stoðþjónustu um nám og/eða atferli nemenda
  - skimanir og kannanir á námsárangri og líðan nemenda
  - að farið sé eftir þeim áætlunum og verklagsreglum sem settar hafa verið, s.s. starfsmannastefnu, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun, símenntunaráætlun, skólareglum o.fl.
- Veita markvissa kennslufræðilega leiðsögn og endurgjöf til starfsmanna.
- Hafa frumkvæði að og hvetja starfsmenn til að efla sig og auka við þekkingu sem nýtist í starfi.
- Bera ábyrgð á og hafa umsjón með að starfsþróun starfsmanna og símenntunaráætlun tengist þróunar- og umbótastarfi innan skólans, hún sé í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrá.
- Bera ábyrgð á að skipuleggja og framkvæma starfsþróunarsamtöl.

Sjá má skjalið í heild sinni á vefsíðu KÍ/SÍ

[http://www.ki.is/images/Skrar/Kjaramal/SI/SI\\_hlutverk\\_skolastjornenda\\_grunnskola\\_110315\\_uppfaert\\_skjal.pdf](http://www.ki.is/images/Skrar/Kjaramal/SI/SI_hlutverk_skolastjornenda_grunnskola_110315_uppfaert_skjal.pdf)

# Skólustjórafélag Íslands – Kjarasamningur 1. maí 2011 til 31. mars 2014

## 10 STARFSÞRÓUN OG SÍMENNTUN

Starfsmaður ber ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni með þátttöku á ráðstefnum, sí- og endurmenntunarnámskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og með eigin starfsþróunaráætlun. (Sjá einnig lög um grunnskóla nr. 91/2008 og reglur námsleyfasjóðs grunnskólakennara og skólustjórnenda grunnskóla.)

### 10.1 STARFSÞRÓUNARSAMTÖL

Gert er ráð fyrir að grunnskóli setji fram starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn sína árlega til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna.

Starfsmaður á rétt á starfsþróunarsamtali árlega þar sem farið er yfir starfslýsingu, frammistöðu, markmið og hugsanlegar breytingar á störfum og rætt um starfið, væntingar, samstarf, samráð og starfsanda á vinnustað. Þá skulu einnig ræddar þarfir og óskir starfsmanns til þjálfunar og fræðslu.

### 10.2 STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN OG SÍMENNTUN

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og stjórnanda að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun starfsmanna skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Stjórnandi getur ákveðið að einstakir starfsmenn eða starfsmannahópar sækji skilgreinda fræðslu.

*Starfsþróun má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem starfsmaður metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.*

*Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun og skal hún kynnt starfsmönnum. Skólustjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla.*

### 10.3 LAUNALAUST LEYFI

Starfsmaður skal eiga rétt á launalausum leyfi í hæfilegan tíma, ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við skólayfirvöld.

#### 10.4 VERKEFNA- OG NÁMSSTYRKJASJÓÐUR FG OG SÍ

Sérstakur sjóður skal stuðla að auknum rannsóknum og þróunarstarfi í skólum svo og endurmenntun kennara og stjórnenda innan FG og SÍ. Úr sjóðnum verði úthlutað til félagsmanna, einstaklinga eða hópa skv. reglum sem aðilar hafa sett í sameiningu. Sjóðurinn greiði m.a. styrki til rannsókn- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða sem FG og SÍ standa fyrir, þóknun fyrir umfangsmikil verkefni og laun á námsleyfistíma. Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í sjóðinn sem nemur 1,72% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna í FG og SÍ (KÍ). Starfsmaður, sem fer í námsleyfi skv. reglum sjóðsins, haldi ráðningu og ráðningartengdum réttindum. Semja má um aðra ráðstöfun þess fjármagns,

SVEITARFÉLAGA

SAMBAND ÍSLENSKRA

28 SKÓLASTJÓRAFÉLAG  
ÍSLANDS

---

GILDISTÍMI: 1. maí 2011 - 31. mars 2014

sem hér um ræðir, enda leiða það ekki af sér aukinn kostnað fyrir launagreiðenda.

*Þeir félagsmenn KÍ sem aðild hafa átt að Vísindasjóði FF (áður Vísindasjóði HÍK) og starfsmenntunarsjóði skulu þrátt fyrir 10.3.1 eiga rétt á því að Verkefnasjóður FG og SÍ skili iðgjöldum þeirra áfram til nefndra sjóða.*

